

Nd. **397. Frumvarp til laga** [137. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmiðastöðva.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmiðastöðva, allt að 50 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.